



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 139. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

Þriðjudaginn 26. september 2017 kl. 12:00 í Húsi atvinnulífsins

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (*KVM*), Hildigunnur Thorsteinsson (*HT*) (í gegnum fjarfundabúnað), Ari Ingimundarson (*AI*) & Sigurjón Norberg Kjærnested (*SNK*).

Boðuð forföll: Magnús Þór Jónsson (*MPJ*), Steinunn Hauksdóttir (*SH*) og Sigurður Markússon (*SM*)

Gestir fundar: Lovísa Árnadóttir (*LÁ*).

Dagskrá fundar:

1. Haustfundur JHFÍ
2. Önnur mál

KVM setti fund 12:00.

1. Haustfundur JHFÍ

AI sagði frá því sem þegar hefur verið gert í skipulagningu haustfundar, sérlega samskipti hans við Susan Petty frá AltaRock Energy, sem samþykkt hefur að vera aðalfyrirlesari á fundinum. Vel var tekið í það framtak og fór fram umræða um umfjöllunarefni hennar.

Umræða fór fram um fundinn. Ákveðið var að hafa fundinn í tvennu lagi, í fyrsta lagi morgunfund um loftlagsmál og jarðhita og í öðru lagi tæknilegri fund þar sem bæði væru tekið fyrir nýsköpun í jarðhitageiranum og einkaleyfismál.

Varðandi fyrri fundinn þá var rætt að leitast við að halda fundinn í samstarfi við Náttúruverndarsamtök Íslands. Ákveðið var að biðja *MPJ* að vera í sambandi við forsvarsmann þeirra samtaka um að vera með erindi. Þá var ákveðið að leitast eftir því að fá erindi um loftlagsmál úr stjórnsýslunni, og að þar myndi *HT* vera í sambandi við Huga Ólafsson formann verkefnisstjórnar aðgerðaáætlunar Íslands í loftlagsmálum. Rætt var að hafa pallborðsumræður í lok fundarins.

Varðandi seinni fundinn var rætt að halda hann í samstarfi við Jarðhitaklasann og fjalla þar eins og áður segir um nýsköpun í jarðhitageiranum og einkaleyfismál. Þar myndi Susan Petty halda erindi ásamt því að leitast verður eftir erindi frá Dr. Gunnari Haraldssyni um skýrslu sem hann skrifaði fyrir Jarðhitaklasann um samkeppnishæfni íslenska jarðvarmageirans. Rætt var að *AI* myndi vera í sambandi við Gunnar. Þá var rætt að halda fundinn í Háskólanum í Reykjavík.

LÁ kom sérstaklega inn á fundinn til að ráðleggja stjórn um staðsetningu, fyrirkomulag og kynningarmál tengt fundunum, sérlega fyrir fyrri fundinn. Ákveðið var að hún myndi athuga frekar með mögulega staðsetningu fyrir fundinn, og vera í sambandi bæði við Nordica og Grand Hótel.

Ákveðið var að stefna að því að halda fundina 9. nóvember. *AI* ætlar að vera í sambandi við Susan Petty um ofangreint upplegg og sérlega varðandi umfjöllunarefni hennar á fundunum.

2. Önnur mál

Ekki komu fram önnur mál

Fundi var slitið 13:00.

Sigurjón Norberg Kjærnested, ritaði fundargerð
